



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um innleiðingu stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 19. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Óskað er upplýsinga um hvernig tekist hefur að innleiða stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030.

Svar:

Stefna um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík var samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 11. maí 2021. Í kjölfar þeirrar samþykktar var sviðinu falið að vinna innleiðingaráætlun með stefnunni. Settur var af stað starfshópur um innleiðingu stefnunnar sem skilaði innleiðingaráætlun sem var svo samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 21. mars 2022. Innleiðingaráætlunin er hugsuð til næstu þriggja ára 2022-2024. Vorið 2022 lagði listteymi fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir könnun í öllum starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs (leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi) um tónlistarkennslu og möguleika á þátttöku í tónlistariðkun barna og unglunga. Einnig var spurt út í menntun tónmenntakennara, hvar eru að störfum menntaðir tónmenntakennarar og hvernig tónmenntakennslu er almennt hagað. Niðurstöður úttektarinnar verða nýttar við innleiðingu tónlistarstefnunnar. Samþykkt hefur verið fjármagn í stofnun fjögurra hverfiskóra í tengslum við starfsemi skólahjómssveita. Samstarfsverkefni Árbæjarskóla og Tónlistarskóla Árbæjar þar sem boðið er upp á hópakennslu í hljóðfæraleik fyrir 90-110 nemendur án endurgjalds fór af stað haustið 2022 og er til tveggja ára. Í ágúst 2022 var ráðinn til starfa verkefnastjóri tónlistarmála í tímabundið starf á skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem m.a. hefur það verkefni að fylgja eftir innleiðingu stefnunnar. Ráðgert er að leggja fram stöðumat ásamt uppfærðri innleiðingaráætlun í upphafi árs 2023.

Meðfylgjandi svari þessu er samþykkt stefna um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík ásamt innleiðingaráætlun.



Stefna um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030



1. Framtíðarsýn
2. Meginmarkmið
3. Áherslur

Framtíðarsýn og meginmarkmið eru nánar útfærð í áherslum stefnunnar.
Tilgreint er undir hvaða meginmarkmið áherslur falla helst.



Framtíðarsýn

Börn og ungmenni skapa og njóta tónlistar í leik og starfi um alla borg.

Tónlistarnám í borginni er vandað, fjölbreytt og aðgengilegt.

Ungt tónlistarfólk er sýnilegt í menningarlífi borgarbúa.

Meginmarkmið



1. Valdeflandi og fjölbreyttur vettvangur

Reykjavík er vettvangur öflugs, fjölbreytts og sýnilegs tónlistarnáms og tónlistarstarfs fyrir börn og ungmenni. Tónlistarnám í Reykjavík er valdeflandi fyrir nemendur, fer fram á þeirra forsendum og tekur mið af hagsmunum þeirra. Aðgengi að tónlistarnámi í Reykjavík er jafnt, óháð búsetu innan borgarinnar og öll aðstaða er til fyrirmyndar.

2. Góð nýting fjármagns

Reykjavíkurborg tryggir að það fjármagn sem varið er til tónlistarkennslu nýtist borgarbúum sem best og að nýtingin samræmist stefnu borgarinnar. Reykjavíkurborg vinnur markvisst að því að skapa aðstæður til að halda niðri þeim kostnaði sem leggst á foreldra vegna tónlistarnáms barna þeirra.

3. Fagmennska

Tónlistarkennarar í Reykjavík eru framúrskarandi fagfólk sem nýtir tækifærin á hverjum tíma til efla tónlistarkennsluna og mæta nemendum sínum á þeirra forsendum. Þeir eru vel að sér í nýtingu tæknitengdra tækifæra og taka virkan þátt í öflugu lærdómssamfélagi á vettvangi.

4. Samverkandi heild

Í Reykjavíkurborg er öflugt samstarf tónlistarskóla og skólahljómsveita við leikskóla, grunnskóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili. Samningar borgarinnar við menningarhús tryggja aðgang að viðeigandi húsnæði fyrir stærri nemendahópa til tónlistarflutnings.

Leikskólinn og yngstu börnin- áherslur

- I. Markviss stuðningur verði við söng og tónlistarstarf í leikskólum. Starfsfólki leikskóla standi til boða símenntun og stuðningur á þessu sviði. (M1,M3)
- II. Samstarf leikskóla við skólahljómsveitir og tónlistarskóla um tónlistarviðburði í starfinu verði öflugt og lifandi. (M4)
- III. Samstarf við tónlistarmenn sé fjölbreytt og tækifæri sköpuð til að standa að viðburðum og móta samstarfsverkefni.(M4)
- IV. Foreldrar fái stuðning við tónlistaruppeldi ungra barna og standi til boða að njóta leiðsagnar. (M1)
- V. Markvisst verði stutt við vönduð og faglega unnin tónlistarverkefni með ungum börnum. (M3)

Grunnskólar og frístundastarf - áherslur

- I. Grunnskólar verði vettvangur lifandi tónlistarflutnings á vegum skólahljómsveita, kóra og tónlistarskóla. Allir aldurshópar grunnskólans njóta reglubundið tónlistarflutnings innan veggja grunnskólanna. Tækifæri til tónlistarupplifunar og þátttöku utan veggja grunnskólanna eru vel nýtt. (M1)
- II. Starfsfólki standi til boða markviss og lifandi stuðningur við að auka söngiðkun í grunnskólum með sérstakri áherslu á yngsta stigið. Hverfiskórar verði starfandi fyrir börn og unglinga á öllum starfssvæðum skólahljómsveita. (M1, M3)
- III. Samstarf við listamenn sé fjölbreytt og tækifæri verði sköpuð á bæði vettvangi grunnskóla- og frístundastarfs til að standa að viðburðum og móta samstarfsverkefni. (M4)
- IV. Fjölbreytni ríki í tónlistarstarfi á vettvangi frístundastarfs undir stjórn frístundamiðstöðva. Ungmennahópar taki virkan þátt í listrænum verkefnum og sköpun á sviði tónlistar og séu sýnilegir í menningarlífinu. (M1)
- V. Fyrir hendi verði rými, hljóðfæri og tæki sem geri ungmennum kleift að rækta áhuga sinn og vinna verkefni á sviði tónlistar í vönduðu umhverfi. (M1)

Tónlistarskólar - áherslur

- I. Gott aðgengi verði að vönduðu tónlistarnámi um alla borg. (M1)
- II. Tónlistarskólarnir eru öflugar og faglegar menntastofnanir í góðu samstarfi við foreldra og eru virkir þátttakendur í nærsamfélaginu. Tónlistarskólar eru í samstarfi við hinar ýmsu stofnanir og verkefni á vegum borgarinnar og starfa á grundvelli menntastefnu hennar. (M1,M2,M3,M4))
- III. Reykjavíkurborg semji við tónlistarskóla sem hafa burði til að uppfylla kröfur um faglegt starf, hagkvæman rekstur og fjölbreytt námsframboð þar sem stjórnunarkostnaður er innan hóflegra marka. Tónlistarskólar geti í krafti stærðar sinnar haldið námsgjöldum nemenda í lágmarki. (M2)
- IV. Á vettvangi tónlistarskóla verði boðið upp á fjölbreytt val um námsleiðir, hljóðfæri og kennsluhætti og svigrúm sé veitt til tilrauna og nýjunga. Notkun upplýsingatækni verði virkur þáttur í námi og starfi tónlistarskóla. Opið verði fyrir formlegt námsmatsferli vegna sjálfsnáms eða vefnáms.(M3)
- V. Tónlistarskólar með samning við borgina stuðli markvisst að fjölbreyttum kennsluháttum og starfsþróun sé skipulögð miðað við þarfir á vettvangi. Reykjavíkurborg bjóði tónlistarkennurum þátttöku í fræðslustarfi borgarinnar.(M3)
- VI. Reykjavíkurborg beini kennslumagni í boði hverju sinni sem mest til barna og ungmenna undir 18 ára aldri og setji viðmið um hversu stóru hlutfalli barna og ungmenna í borginni standi til boða tónlistarnám á hverjum tíma fram til ársins 2030. Hlutfallið hækki í ákveðnum skrefum á gildistíma stefnunnar. Dreifing kennslumagns sé ákvörðuð með fjölbreytni og jöfnuð í borginni að leiðarljósi.(M1)
- VII. Reykjavíkurborg tryggji tónlistarskólum vandað stjórnsýsluumhverfi. Gögn um starfsemina séu sett fram á aðgengilegan hátt í “mælaborði borgarbúa” á vef borgarinnar. (M2)

Skólahljómsveitir - áherslur

- I. Skólahljómsveitir séu öflugar, verði fjölgað ef þörf krefur og þeim markaður skýr staður í starfsemi skóla- og frístundasviðs borgarinnar. Skólahljómsveitir séu í lifandi samstarfi innan borgarinnar og starfi á grundvelli menntastefnu hennar. (M1,M4)
- II. Á vettvangi skólahljómsveita verði boðið upp á nám á fjölbreytt úrval hljóðfæra og á grundvelli fjölbreyttra kennsluhátta. Svigrúm verði veitt til tilrauna og sköpunar. (M3)
- III. Á vettvangi skólahljómsveita verði sérstök áhersla lögð á sjálfseflingu og félagsfærni nemenda með hvetjandi hljóðfærakennslu og vönduðu hópstarfi. Með öllum skólahljómsveitum borgarinnar starfi foreldrafélög sem taka virkan þátt í starfi hvernar hljómsveitar.(M1)
- IV. Stjórnendur og kennarar skólahljómsveita séu vel menntað og öflugt tónlistarfólk sem vinni af fagmennsku með velferð nemenda sinna að leiðarljósi. (M3)
- V. Skólahljómsveitir séu lærdómssamfélag þar sem sköpuð eru tækifæri til að kynnast því besta sem völ er á hverju sinni. Símenntun á vettvangi þeirra sé framsækin og fjölbreytt.(M3)
- VI. Starfsskrá skólahljómsveita sé metnaðarfull og starfseminni þar settur skýr rammi. Reglur um starfsemina liggja fyrir. Gæðaviðmið verði lögð til grundvallar í starfinu.(M3)
- VII. Aðstaða til hljóðfærakennslu sé góð í öllum skólum. Hljóðfærakennslurými sé nýtt af skólahljómsveitum sem stýri samnýtingu á þeim með öðrum skyldum aðilum.(M1)
- VIII. Aðstaða í heimastöð sé góð. Hljómsveitaræfingar skólahljómsveita fari fram í rúmgóðum æfingasal og gengið sé að standandi æfingaaðstöðu. (M1)
- IX. Kerfi sem notuð verða til umsókna, skráningar, rekstrar og skipulags vegna starfseminnar séu vönduð og uppfærð. Gagnlegar upplýsingar um starfsemina liggja fyrir og aðgengi að þeim sé opið. (M2)

Samstarf stofnana - áherslur

- I. Hvatt er til aukins samstarfs á milli ólíkra stofnanagerða þ.e. tónlistarskóla og skólahljómsveita og leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og annarra starfsstaða á skóla- og frístundasviði, auk menningarstofnana borgarinnar. (M4)
- II. Stutt verði við samstarf með skýrum skilaboðum inn á vettvang alls skólastarfs í borginni.(M2,M4)
- III. Aðgengi að upplýsingum um möguleika og tækifæri á sviði tónlistarnáms sé gott.(M2)
- IV. Skoðaðir verði allir samningar borgarinnar við menningarstofnanir með tilliti til aðgengis tónlistarhópa barna og unglinga að rýmum þeirra vegna tónlistarflutnings.(M4)

Tækni og tækifæri - áherslur

- I. Tækni og nýting hennar í tónlistarstarfi með börnum felur í sér tækifæri sem byggð verði inn í starfið. Skoðað verði sérstaklega hvort tækninotkun skapar möguleika á því að fjölga nemendum sem fá aðgang að tónlistarnámi.(M1,M2,M3)
- II. Stutt verði við fagþekkingu tónlistarkennara. Allir sem sinni tónlistarnámi með börnum í borginni verði hvattir markvisst til að sækja símenntun á þessu sviði.(M3)
- III. Tæknistudd úrvinnsla verkefna á sviði tónlistar sé áberandi hluti af uppskeru námsins og fái veglegan sess á viðburðum tengdum starfinu.(M3)
- IV. Námsmatsferli vegna sjálfsnáms eða veflægs náms verði opið öllum aldurshópum gegn námsmatsgjaldi. Einnig geti nemendur sótt um stöðumat í öðrum greinum tónlistarnámsins.(M1,M4)



INNLEIÐINGARÁÆTLUN STEFNU UM FRAMTÍÐARSKIPAN TÓNLISTARNÁMS Í REYKJAVÍK TIL 2030

21. mars 2022

[Stefna um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030](#) var lögð fram í skóla- og frístundaráði 12. janúar 2021.

Í kjölfar þess var settur af stað starfshópur um innleiðingu stefnunnar. Starfshópurinn skipa Soffía Vagnsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Hjörtur Ágústsson og Haukur Þór Haraldsson.

Hlutverk starfshópsins er að setja fram innleiðingaráætlun þar sem aðgerðir eru settar fram í forgangsröð. Aðgerðir skulu vera kostnaðarmetnar og þeim raðað í tímasetta áfanga. Innleiðingaráætlun verði lögð fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en í janúar 2022.

Starfshópurinn taldi afar mikilvægt að virkja vettvang og ákvað á fundi sínum 13. september 2021 að leita eftir hugmyndum úr hópi stjórnenda hvers málaflokks sem stefnan tekur til. Þeir aðilar sem fengu tækifæri til að koma með tillögur í aðgerðaráætlun voru leik-, grunn- og frístundahluti fagskrifstofu, stjórnendur skólahljómsveita og stjórn STÍR (stjórnendur tónlistarskóla í Reykjavík).

Innleiðingaráætlunin er hugsuð til næstu þriggja ára, 2022-2024. Aðgerðirnar eru settar fram í töflum aftan við hvern kafla, merktar þeim áherslum sem þær eiga að vinna að.

Meginmarkmið stefnunnar eru:

1. Valdeflandi og fjölbreyttur vettvangur

Reykjavík er vettvangur öflugs, fjölbreytts og sýnilegs tónlistarnáms og tónlistarstarfs fyrir börn og ungmenni. Tónlistarnám í Reykjavík er valdeflandi fyrir nemendur, fer fram á þeirra forsendum og tekur mið af hagsmunum þeirra. Aðgengi að tónlistarnámi í Reykjavík er jafnt, óháð búsetu innan borgarinnar og öll aðstaða er til fyrirmyndar.

2. Góð nýting fjármagns

Reykjavíkurborg tryggir að það fjármagn sem varið er til tónlistarkennslu nýtist borgarbúum sem best og að nýtingin samræmist stefnu borgarinnar. Reykjavíkurborg vinnur markvisst að því að skapa aðstæður til að halda niðri þeim kostnaði sem leggst á foreldra vegna tónlistarnáms barna þeirra.

3. Fagmennska

Tónlistarkennarar í Reykjavík eru framúrskarandi fagfólk sem nýtir tækifærin á hverjum tíma til efla tónlistarkennsluna og mæta nemendum sínum á þeirra forsendum. Þeir eru vel að sér í nýtingu tæknitengdra tækifæra og taka virkan þátt í öflugu lærdómssamfélagi á vettvangi.

4. Samverkandi heild

Í Reykjavíkurborg er öflugt samstarf tónlistarskóla og skólahljómsveita við leikskóla, grunnskóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili. Samningar borgarinnar við menningarhús tryggja aðgang að viðeigandi húsnæði fyrir stærri nemendahópa til tónlistarflutnings.



Leikskólinn og yngstu börnin

Forgangsaðherslur stýrihóps: Auka þarf stuðning við söng- og tónlistarstarf í leikskólum.

Áherslur:

- ❖ I. Markviss stuðningur verði við söng og tónlistarstarf í leikskólum. Starfsfólki leikskóla standi til boða símenntun og stuðningur á þessu sviði. (M1,M4)
- ❖ II. Samstarf leikskóla við skólahljómsveitir og tónlistarskóla um tónlistarviðburði í starfinu verði öflugt og lifandi. (M4)
- ❖ III. Samstarf við tónlistarmenn sé fjölbreytt og tækifæri sköpuð til að standa að viðburðum og móta samstarfsverkefni.
- ❖ IV. Foreldrar fái stuðning við tónlistaruppeldi ungra barna og standi til boða að njóta leiðsagnar. (M1)
- ❖ V. Markvisst verði stutt við vönduð og faglega unnin tónlistarverkefni með ungum börnum. (M3)

Ábendingar stýrihóps vegna aðgerðaáætlunar – leikskólar og yngstu börnin

Tónlistarstarf með börnum krefst rýmis og búnaðar sem þarf að gera ráð fyrir í hönnun og nýtingu húsnæðis. Í aðgerðaáætlun þarf að ávarpa sérstaklega hvernig megi tryggja markvissa kynningu á tónlist, hljóðfærum og listamönnum í leikskólastarfi. Tækifæri liggja í samstarfsmöguleikum skólahljómsveita og tónlistarskóla og mikilvæg skref hafa verið stigin með nýtingu á Uppsprettuvef SFS. Huga þarf að tilboðum um tónlistarstarf með allra yngstu börnunum í öllum hverfum borgarinnar og byggja á þeirri reynslu sem fagaðilar hafa aflað. Styðja þarf við söngiðkun í leikskólum með fræðslu fyrir starfsfólk, kynningu á tiltæku efni og mögulega með handleiðslu á vettvangi. Tryggja þarf aðgang að viðeigandi efni í þessum tilgangi. Stutt verði við stór samstarfsverkefni með leikskólabörnum og leitast við að dreifa slíkum verkefnum um öll hverfi borgarinnar.



Áhersla nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan	Kostnaður í ramma	Kostnaður ekki í ramma
I	Átak í því að efla söng og tónlistariðkun í leikskólum. Það verði gert í fjórum leikskólum í sama hverfi til tveggja ára. Lagt er til að ráðinn verði tónlistarkennari sem fer á milli þessara leikskóla og vinni með tónlist með börnunum og starfsfólki leikskólans. Þannig verður til lærdómur bæði hjá börnum og starfsfólki. Hlutverk tónlistarkennarans er að styðja við aukinn söng og aukna tónlistarnotkun í daglegu starfi í tengslum við t.d. málörvun og hreyfingu. Samhliða starfi sínu með börnum og starfsfólki taki tónlistarkennarinn saman og útbýr fræðslu/námsefni fyrir starfsfólk leikskóla og geri það aðgengilegt t.d. í verkfærakistu menntastefnuvefsins og Torginu, fræðslukerfi Reykjavíkurborgar. Sjá nánari útfærslu í minnisblaði.	Verkefnisstjóri skapandi náms- og kennsluhátta í samstarfi við fagstjóra leikskólamála	Sett inn sem ósk í fjárhagsáætlun 2023 og 2024 (framhald metið eftir það).		10.000.000
I	Námskeið í tónlist í boði fyrir starfsfólk leikskóla í samstarfi við t.d. Menntavísindasvið HÍ. Tvö námskeið á ári í hverjum borgarhluta. Sótt um fjármagn til Eflingar og Sameykis í samstarfi við starfsfólk.	Verkefnisstjóri skapandi náms- og kennsluhátta og NýMið	Byrja vor 2022	600.000	
I	Lærdómssamfélag um tónlist, ætlað starfsfólki leikskóla. Skoða möguleika á samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og SFS.	Verkefnisstjóri skapandi náms- og kennsluhátta	Byrja haust 2022	X	
II	Samstarf við tónlistarskóla og nemendur tónlistarskóla. Heimsóknir tónlistarskólanemenda í leikskóla og heimsóknir leikskólabarna í tónlistarskóla.	Verkefnisstjóri skapandi náms- og kennsluhátta og fagstjórar leikskóla í borgarhlutum	Haust 2023	X	
III	Útbúa tónlistartengd verkefni fyrir leikskóla í samstarfi við LÁN verkefnið.	Verkefnisstjóri skapandi náms- og kennsluhátta og listteymi	Verkefni til lengri tíma		X
V	Aðstoða leikskóla við umsóknir í þróunar- og nýsköpunarsjóð menntastefnu til að efla tónlist í leikskólum, m.a. í samstarfi við tónlistarmenn, tónlistarskóla og grunn og frí.	Verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja	Janúar – apríl 2022	X	
V	Skólar sérstaklega hvattir til þess að taka þátt í Evrópuverkefnum sem snúa að tónlist.	Verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja	2022	X	
V	Útbúa efni í fræðslukerfi Reykjavíkurborgar um möguleika til tónlistarskópunar með tækjabúnaði úr búnaðarbanka SFS og vel völdum hugbúnaði, t.d. fyrir snjalltæki.	Mixtúra	2023	X	



Grunnskólar og frístundastarf

Forgangsaðherslur stýrihóps: Gripið verði til aðgerða til að efla kórastarf með börnum á grunnskólaaldri, þar sem þörf krefur, í góðu samstarfi við fagfólk á vettvangi. Tryggður verði aðgangur að rýmum, búnaði og tækni sem gerir ungmennum kleift að rækta áhuga sinn og vinna verkefni á sviði tónlistar í vönduðu umhverfi.

Áherslur:

- ❖ I. Grunnskólar verði vettvangur lifandi tónlistarflutnings á vegum skólahljómsveita, kóra og tónlistarskóla. Allir aldurshópar grunnskólans njóta reglubundið tónlistarflutnings innan veggja grunnskólanna. Tækifæri til tónlistarupplifunar og þátttöku utan veggja grunnskólanna eru vel nýtt. (M1)
- ❖ II Starfsfólki standi til boða markviss og lifandi stuðningur við að auka söngiðkun í grunnskólum með sérstakri áherslu á yngsta stigið. Hverfiskórar verði starfandi fyrir börn og unglunga á öllum starfssvæðum skólahljómsveita.(M1,M3)
- ❖ III. Samstarf við listamenn sé fjölbreytt og tækifæri verði sköpuð á bæði vettvangi grunnskóla- og frístundastarfs til að standa að viðburðum og móta samstarfsverkefni. (M4)
- ❖ IV. Fjölbreytni ríki í tónlistarstarfi á vettvangi frístundastarfs undir stjórn frístundamiðstöðva. Ungmennahópar taki virkan þátt í listrænum verkefnum og til sköpunar á sviði tónlistar og séu sýnilegir í menningarlífinu. (M1)
- ❖ V. Fyrir hendi verði rými, hljóðfæri og tæki sem geri ungmennum kleift að rækta áhuga sinn og vinna verkefni á sviði tónlistar í vönduðu umhverfi.(M1)

Ábendingar stýrihóps vegna aðgerðaáætlunar – grunnskólar/frístundastarf

Styðja þarf við almenna söngiðkun í grunnskólum. Þjófða þarf viðeigandi efni sem allir kennarar geta notað og standa fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk. Skoða þarf hvort vandað barnakórastarf bjóðist um alla borg og grípa til aðgerða þar sem það er ekki fyrir hendi. Endurskoða þarf nýtingu tækifæra á vettvangi verkefnisins List fyrir alla. Tryggja þarf að börn og unglingar fái notið þeirra tækifæra til tónlistarupplifunar sem eru í boði hverju sinni á vegum aðila í menningarlífinu s.s. Sinfóníuhljómsveitar Íslands og smærri hópa eða í veflægu umhverfi. Fylgjast þarf með þeim fjölda og fjölbreytni á sviði listtengdra viðburða sem nýttir eru í skólastarfi á hverjum stað og veita ráðgjöf og aðstoð þar sem framboð viðburða er í lágmarki. Í frístundastarfi verður að varðveita og styrkja fjölbreytta nálgun í tónlistarstarfi með börnum og unglungum. Tryggja þarf aðgang að rýmum og búnaði þannig að einstaklingar, hópar eða klúbbar geti unnið að tónlistarverkefnum og látið drauma sína rætast. Jafna þarf möguleika í slíku starfi þannig að þeir séu til staðar um alla borg. Efla þarf unglunga, bæði einstaklinga og hópa, til þátttöku í listrænum verkefnum og sköpun á sviði tónlistar m.a. með stuðningi og fræðslu fyrir starfsfólk í grunnskóla og í frístundastarfi. Hugsanlega gæti sá búnaður sem fylgir slíku starfi einnig nýst á vettvangi tónlistarskólanna gegnum símenntunartilboð borgarinnar.



Áhersla nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan	Kostnaður í ramma	Kostnaður ekki í ramma
I	Grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvarverði hvattar til að efla tónlistarflutning í skóla- og frístundastarfi þar sem nemendur í tónlistarnámi leika fyrir aðra nemendur og á opinberum viðburðum og í almennu skóla- og frístundastarfi.	Fagstjórar grunnskóla og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva í borgarhlutum í samstarfi við grunnskólastjóra, forstöðumenn frístundastarfs og stjórnendur tónlistarskóla og skólahljómsveita.	Frá vori 2022.	X	
I	Kortlagning á tónlistarkennslu og möguleikum á tónlistarupplifun í grunnskólum og í frístundastarfi borgarinnar.	Listteymi fagskrifstofu SFS.	Spurningar í spurningavagn til grunnskóla stjóra og forstöðumanna á vorönn 2022.	X	
I	Hönnun á „listavörðum“ fyrir leik- og grunnskóla.	Listteymi fagskrifstofu SFS.	Vor 2023	X	
I	Skilgreindur menningartengiliður verði til í öllum grunnskólum sem talar fyrir og miðlar upplýsingum um menningu og listir innan grunnskóla.	Listteymi fagskrifsstofu SFS.	Vor 2022	X	
II	Stofna til lærdómssamfélags fyrir tónmenntakennara í grunnskólum.	Grunnskólahluti fagskrifstofu, ath. samstarf við Stafræna grósku.	Vor 2022	X	
II	Stórefla kynningu á vefnum http://listfyriralla.is/	Grunnskólahluti fagskrifstofu og fagstjórar grunnskólamála í borgarhlutunum.	Vor 2022	X	
III og IV	Setja á laggirnar sjóð sem frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í samstarfi við grunnskóla geta sótt í til að fá til sín tónlistarmenn til að hvetja og ýta undir tónlistarstarf og tónlistarviðburði með fræðslu og stuðningi til starfsfólks og barna/unglinga.	Skóla- og frístundaráð stofni sjóðinn og setji reglur um sjóðinn í samræmi við stefnuna. Skólahljómsveitarstjórar úthluti úr sjóðnum einu sinni á ári og eru ráðgefandi varðandi verkefni.	Umsóknarfrestur til 15. sept. ár hvert og	4 milljóna kr. sjóður á ári – í ramma	



			úthlutað 1. okt. Kæmi inn í fjárhagsáæt lun 2023.		
IV og V	Setja á laggirnar sjóð sem frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í samstarfi við grunnskóla geta sótt í til að bæta aðstöðu til tónlistariðkunar í frístundastarfinu. Hægt verði að sækja um fjármagn fyrir rými, hljóðfærum og tækjum sem geri börnum og unglíngum kleift að rækta áhuga sinn og vinna verkefni á sviði tónlistar í vönduðu umhverfi.	Skóla- og frístundaráð stofni sjóðinn. Skólahljómsveitarstjórar úthluti úr sjóðnum einu sinni á ári og eru ráðgefandi varðandi verkefni.	Umsóknarf restur til 15. apríl. ár hvert og úthlutað 1. maí. Kæmi inní fjárhagsáæt lun 2023.	4. milljóna kr. sjóður – í ramma	



Tónlistarskólar

Forgangsáherslur stýrihóps: Stefnt verði að því að fjölga markvisst í hópi tónlistarnemenda til ársins 2030 og kennslumagni beint til barna og ungmenna með markvissum aðgerðum. Viðmið um aldur og námsframvindu tónlistarnemenda verði tekin upp í áföngum og tími gefinn til aðlögunar.

Áherslur:

- ❖ I. Gott aðgengi verði að vönduðu tónlistarnámi um alla borg. (M1)
- ❖ II. Tónlistarskólarnir eru öflugar og faglegar menntastofnanir í góðu samstarfi við foreldra og eru virkir þátttakendur í nærsamfélaginu. Tónlistarskólar eru í samstarfi við hinar ýmsu stofnanir og verkefni á vegum borgarinnar og starfa á grundvelli menntastefnu hennar. (M1,M2,M3,M4))
- ❖ III. Reykjavíkurborg semji við tónlistarskóla sem hafa burði til að uppfylla kröfur um faglegt starf, hagkvæman rekstur og fjölbreytt námsframboð þar sem stjórnunarkostnaður er innan hóflegra marka. Tónlistarskólar geti í krafti stærðar sinnar haldið námsgjöldum nemenda í lágmarki. (M2)
- ❖ IV. Á vettvangi tónlistarskóla verði boðið upp á fjölbreytt val um námsleiðir, hljóðfæri og kennsluhætti og svigrúm sé veitt til tilrauna og nýjunga. Notkun upplýsingatækni verði virkur þáttur í námi og starfi tónlistarskóla. Opið verði fyrir formlegt námsmatsferli vegna sjálfsnáms eða vefnáms.(M3)
- ❖ V. Tónlistarskólar með samning við borgina stuðli markvisst að fjölbreyttum kennsluháttum og starfsþróun sé skipulögð miðað við þarfir á vettvangi. Reykjavíkurborg bjóði tónlistarkennurum þátttöku í fræðslustarfi borgarinnar.(M3)
- ❖ VI. Reykjavíkurborg beini kennslumagni í boði hverju sinni sem mest til barna og ungmenna undir 18 ára aldri og setji viðmið um hversu stóru hlutfalli barna og ungmenna í borginni standi til boða tónlistarnám á hverjum tíma fram til ársins 2030. Hlutfallið hækki í ákveðnum skrefum á gildistíma stefnunnar. Dreifing kennslumagns sé ákvörðuð með fjölbreytni og jöfnuð í borginni að leiðarljósi.(M1)
- ❖ VII. Reykjavíkurborg tryggji tónlistarskólum vandað stjórnarsýsluumhverfi. Gögn um starfsemina séu sett fram á aðgengilegan hátt í “mælaborði borgarbúa” á vef borgarinnar. (M2)

Ábendingar stýrihóps vegna aðgerðaáætlunar - tónlistarskólar

Tónlistarskólar í Reykjavík eru margir og sumir litlir sem hefur þau áhrif að stjórnunarkostnaður vegur mjög hátt í heildarframlögum borgarinnar til viðkomandi skóla. Setja þarf upp raunhæfa áætlun um lágmarksstærð þeirra tónlistarskóla sem samið verði við til framtíðar. Mikilvægt er að gefa slíkum breytingum rúman aðlögunartíma. Stíga þarf myndarleg skref vegna fjölgunar nemenda í tónlistarnámi í borginni til ársins 2030. Velja þarf viðmið vegna fjölgunar nemenda, t.d. hlutfall aldurshóps í hverfum, og vinna markvisst að því að jafna möguleika með markvissri dreifingu kennslumagnsins. Einnig þarf að horfa sérstaklega til þróunar kennsluhátta sem miða að fjölgun tækifæra til tónlistarnáms og styðja slíkt framtak þegar kemur að aukningu kennslumagns. Styðja þarf með markvissum hætti við aukna fjölbreytni tónlistarnáms og möguleika til framvindu í tónlistarnáminu. Greina þarf vandlega þátttöku fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna í tónlistarnáminu til að hægt sé að fylgja eftir markmiðum um jöfnuð



hvað þessa hópa varðar. Kennarar þurfa stuðning og fræðslu til að vera vel í stakk búnir til að taka á móti nemendum með ólíka færni. Ástæða er til að setja aldurs- og framvinduviðmið í tónlistarnáminu þannig að kennslumagnið nýtist sem mest börnum og ungu fólki í borginni. Vert væri að skoða möguleika á því að auðvelda aðgengi að hljóðfærum fyrir nemendur sem ekki hafa eigin hljóðfæri með sérstakri áherslu á yngstu hópana. Símenntunartilboð þurfa að vera fjölbreytt og bjóða þarf reglulega styttri fræðslufundi og smíðjur fyrir tónlistarkennara á vegum borgarinnar auk samvinnu um jafningjafræðslu á grundvelli hugmynda um lærdómssamfélagið. Gæðaviðmið þarf að fullvinna og nýta í starfi tónlistarskóla. Kerfi vegna skráningar nemenda í tónlistarnám þarf að uppfæra og skoða þarf möguleika á því að setja upp viðmið vegna kostnaðarþátttöku foreldra í tónlistarnámi barna sinna. Auka þarf aðgengi almennings að almennum upplýsingum um tónlistarnámið með samantektum um stærð, námsstig, virkni, próftökur og fleira.

Áhersla nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan	Kostnaður í ramma	Kostnaður ekki í ramma
III	Fyrir endurnýjun samninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla verði settur á laggirnar samstarfshópur skipaður fulltrúum STÍR og fulltrúum SFS sem ætlað er að finna leiðir til að auka fjölda barna sem hafa aðgengi að tónlistarnámi í Reykjavík. Í samstarfshópnum verði einnig ávarpað hvernig greiðsluþátttöku fyrir nemendur eldri en 25 ára í hljóðfæranámi á grunn- og miðstigi verði háttað.	Sviðsstjóri SFS í samstarfi við stjórnendur tónlistarskóla.	Hópurinn skili tillögum fyrir haustið 2023	X	
III	Miðstöðin, sameiginleg rythmadeild þriggja tónlistarskóla, Tónmenntaskólans, Nýja Tónlistarskólans og Tónlistarskóla Grafarvogs. Miðstöðin býður upp á fjölbreyttari námsleiðir á grunn- og miðstigi og kemur til móts við áhugasvið þeirra nemenda sem vilja stunda tónlistarnám af kappi en hafa meiri áhuga á námi í popptónlist en hefðbundnu klassísku tónlistarnámi.	Tónlistarskólarnir þrír	Verkefni sem hófst árið 2020	X	
IV	Skoða möguleika tónlistarskóla á innkaupum á búnaði á sömu kjörum og rammisamningar borgarinnar bjóða upp á.	Stjórnendur tónlistarskóla í samráði við fjármálaþjónustu SFS.	Haut 2022		Ekki kostnaðarauk i fyrir SFS
V	Stuðningur við starfsþróun tónlistarkennara. Greina fræðsluþarfir og bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk tónlistarskóla og skólahljómsveita (3-4 skipti á þessu 3ja ára tímabili).	Stjórnendur tónlistarskóla greini hvar fræðsluþarfinar liggja. SFS (Stafræn gróska) bjóði síðan upp á námskeið.	Haut 2022	X	



VI	Kortleggja hversu stórt hlutfall nemenda á grunnskólaaldri lærir á hljóðfæri í Reykjavík miðað við önnur sveitarfélög á landinu og hver þróunin hefur verið undanfarin ár. Einnig verði skoðað hvert hlutfall barna v.s. fullorðinna er og hlutfall stjórnunarkostnaðar í rekstri tónlistarskóla.	Listeymi fagskrifstofu SFS í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og SKOR	Haustönn 2022	X	
VI	Við endurnýjun samninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í borginni verða tónlistarskólarnir upplýstir um að það er meginstefna borgarinnar að leggja áherslu á að auka aðgengi barna og unglunga að tónlistarnámi m.a. með því að endurskoða kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í hljóðfæranámi á grunn- og miðstigi fyrir 25 ára og eldri. Aðgerðinni og útfærslu hennar er vísað í samráðshóp STÍR og SFS (sjá fyrstu aðgerð í þessari töflu).	Sviðsstjóri og fjármálastjóri SFS	Niðurstöður liggi fyrir fyrir árslok 2023.	X	
VII	Starfshópur settur af stað sem endurskoði skráningu í tónlistarskóla með það að leiðarljósi að Reykjavíkurborg hafi á hverjum tíma góðar upplýsingar um þátttöku barna í Reykjavík í tónlistarnámi. Starfshópurinn tryggi að í framtíðinni verði gögn um starfsemina sett fram á aðgengilegan hátt í „mælaborði borgarbúa“ á vef borgarinnar. Fyrsta verkefni hópsins væri að skoða innritun fyrir veturinn 2022-2023.	Sviðsstjóri SFS í samstarfi við stafrænan leiðtoga SFS, UTR og stjórnendur tónlistarskóla	Febrúar 2022 Fyrir skráningar skólaársins 2023-2024		Sótt um fjármagn hjá ÞON



Skólahljómsveitir

Forgangsaðherslur stýrihóps: Unnið verði markvisst að því að bæta aðstöðu skólahljómsveita, bæði í kennslurýmum í grunnskólum og æfingarymum hljómsveita. Fundin verði varanleg rými þar sem gengið er að standandi æfingaaðstöðu með samnýtingu að leiðarljósi. Hljóðvist verði skoðuð og bætt eftir þörfum.

Áherslur:

- ❖ I. Skólahljómsveitir séu öflugar, verði fjölgað ef þörf krefur og þeim markaður skýr staður í starfsemi skóla og frístundasviðs borgarinnar. Skólahljómsveitir séu í lifandi samstarfi innan borgarinnar og starfi á grundvelli menntastefnu hennar. (M1,M4))
- ❖ II. Á vettvangi skólahljómsveita verði boðið upp á nám á fjölbreytt úrval hljóðfæra og á grundvelli fjölbreyttra kennsluhátta. Svigrúm verði veitt til tilrauna og sköpunar. (M3)
- ❖ III. Á vettvangi skólahljómsveita verði sérstök áhersla lögð á sjálfseflingu og félagsfærni nemenda með hvetjandi hljóðfærakennslu og vönduðu hópstarfi. Með öllum skólahljómsveitum borgarinnar starfi foreldrafélög sem taka virkan þátt í starfi hvernar hljómsveitar.(M1)
- ❖ IV. Stjórnendur og kennarar skólahljómsveita séu vel menntað og öflugt tónlistarfólk sem vinni af fagmennsku með velferð nemenda sinna að leiðarljósi. (M3)
- ❖ V. Skólahljómsveitir séu lærdómssamfélag þar sem sköpuð eru tækifæri til að kynnast því besta sem völ er á hverju sinni. Símenntun á vettvangi þeirra sé framsækin og fjölbreytt.(M3)
- ❖ VI. Starfsskrá skólahljómsveita sé metnaðarfull og starfseminni þar settur skýr rammi. Reglur um starfsemina liggi fyrir. Gæðaviðmið verði lögð til grundvallar í starfinu.(M3)
- ❖ VII. Aðstaða til hljóðfærakennslu sé góð í öllum skólum. Hljóðfærakennslurými séu nýtt af skólahljómsveitum sem stýri samnýtingu á þeim með öðrum skyldum aðilum.(M1)
- ❖ VIII. Aðstaða í heimastöð sé góð. Hljómsveitaræfingar skólahljómsveita fari fram í rúmgóðum æfingasal og gengið sé að standandi æfingaaðstöðu. (M1)
- ❖ IX. Kerfi sem notuð verða til umsókna, skráningar, rekstrar og skipulags vegna starfseminnar séu vönduð og uppfærð. Gagnlegar upplýsingar um starfsemina liggi fyrir og aðgengi að þeim sé opið. (M2)

Ábendingar stýrihóps vegna aðgerðaáætlunar - skólahljómsveitir

Skólahljómsveitir í Reykjavík búa við mjög mismunandi aðstæður í starfsemi sinni og mikilvægt að bregðast strax við aðstöðuleysi hvað varðar kennslu á nokkrum stöðum í borginni. Einnig er mikilvægt að aðstaða til tónlistarkennslu sé í öllum grunnskólum borgarinnar þannig að bjóða megi þjónustu skólahljómsveita í þeim öllum auk þeirra samnýtingarmöguleika sem við það skapast. Samræma þarf viðmið um notkun á húsnæði á vegum SFS í ljósi samnýtingar. Skilgreina þarf með skýrum hætti hvernig skipulagi samnýtingar tónlistarkennslurýma með tónlistarskólum er háttáð og stöðu stjórnenda skólahljómsveita og forræði á rýmum í því samhengi. Greina þarf vandlega þátttöku fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna í tónlistarnáminu til að hægt sé að fylgja eftir markmiðum um jöfnuð hvað þessa hópa varðar. Finna þarf



leiðir til að taka sérstaklega vel á móti börnum úr þessum hópum og skoða í samhengi við mögulega stækkun skólahljómsveita. Kennarar þurfa stuðning og fræðslu til að vera vel í stakk búnir til að taka á móti nemendum með ólíka færni. Æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitastarfið þarf að bæta verulega og tryggja að gengið sé að uppsettri aðstöðu hverju sinni og að aðstaðan uppfylli grunnskilyrði fyrir slíka starfsemi. Heimastöð hvernar hljómsveitar er kjarni hennar og tryggja þarf þar skrifstofu stjórnanda og kennaraaðstöðu, 3-4 kennslurými, geymslu fyrir búnað og hljóðfæri auk æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir ef æft er í grunnskóla. Taka þarf tillit til þarfa tónlistarkennslunnar í nýbyggingum og viðbyggingum húsnæðis fyrir grunnskóla- og frístundastarf borgarinnar. Gæta þarf að hljóðvist í öllum kennslu- og æfingarýmum og bæta hana þar sem henni er ábótavant. Kynna þarf starfsemi skólahljómsveita vandlega og tryggja að hún nái til allra. Spannandi er að skoða möguleika á starfsemi barnakóra sem byggja á starfsháttum skólahljómsveita og séu hluti af starfsemi þeirra. Á þeim vettvangi mætti leggja sérstaka áherslu á nálgun á grundvelli fjölmenningar. Fjölgun nemenda í skólahljómsveitum til ársins 2030 er mikilvægt markmið í tónlistarstarfi borgarinnar og einnig er vert að kanna hvort þörf er á að fjölga skólahljómsveitum. Verði hljómsveitum fjölgað sé skoðað vel á hvaða forsendum ný hljómsveit verður sett af stað og hvar er mest þörf fyrir hana út frá áherslu á jöfnun aðgengis og tækifæri. Kanna þarf leiðir til að hvetja nemendur skólahljómsveita til frekara tónlistarnáms eftir að þátttöku þeirra lýkur. Bæta þarf formlegt umhverfi skólahljómsveita með starfsskrá, starfslýsingum, viðbótarstjórnun, gegnsæjum fjárhagsáætlunum, bættu rekstrarumhverfi og skýrri húsnæðistefnu og viðmiðum vegna húsnæðiskostnaðar. Ljúka þarf vinnu við gæðaviðmið og innleiða nýtingu þeirra í starfinu. Umsóknarkerfi þarf að uppfæra og bæta þarf aðgengi að upplýsingum um starfið.

Áhersla nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan	Kostnaður í ramma	Kostnaður ekki í ramma
I	Gera greiningu á því hvað myndi vinnast og hvað tapast faglega og fjárhaglega við það að skólahljómsveitir sæki um starfsleyfi til menntamálaráðuneytis til að verða skilgreindar sem tónlistarskólar. Markmiðið væri að skólahljómsveitir gætu þá sótt um fjármagn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga fyrir þá nemendur sem lokið hafa miðprófi í gegnum skólahljómsveitir og geti þannig haldið áfram í framhaldspróf undir hatti skólahljómsveita.	Stjórnendur skólahljómsveita og fagstjóri grunnskólamála.	Undirbúningur á vorönn 2022, umsókn til ráðuneytis haustið 2022.	X	
III	Stofnaðir verði fjórir hverfiskórar (í hverjum borgarhluta) Áhersla verður á mið- og unglíngastig.	Fagstjórar í hverfum.	Hefja undirbúning í janúar 2022 og starfið hefst haustið 2022	11.500.000 (samþykkt í fjárhagsáætlun borgarinnar í borgarstjórn 7.	

				desember 2021)	
IV	Unnin verði starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk skólahljómsveita til næstu þriggja ára.	Stjórnendur skólahljómsveita í samstarfi við fagskrifstofu grunnskólamála og NýMið	Áætlun unnin á vorönn 2022 og tekur gildi haustið 2022.	Sótt verður í starfsmenntasjóði starfsmanna FT og FÍH vegna fræðslu til starfsmanna. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til starfsþróunar starfsmanna innan fjárhagsramma skólahljómsveita.	
VI	Hefja samtal við Samband íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneyti um fullvinnslu á gæðaviðmiðum.	Fulltrúi skólahljómsveita, fulltrúi tónlistarskóla og fulltrúi skrifstofu SFS.	Vor 2022	X	
VI	Ljúka vinnu við gerð starfsskrár skólahljómsveita og reglur um starfsemina.	Settur af starfshópur til að ljúka gerð starfsskrár og reglur um starfsemina. Stjórnendur skólahljómsveita sitji í starfshópnum auk fulltrúa frá fagskrifstofu.	Haust 2022	X	
VII og VIII	Húsnæði og búnaður Starfshópur um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 setti af stað verkefnahóp um úttekt á húsnæði skólahljómsveita. Verkefnahópurinn skilaði skýrslu til starfshóps í október 2020 sem nú er unnið eftir til úrbóta.	Sviðsstjóri SFS	2022	X	



VIII	Skoða möguleika á að flytja aðstöðu skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts úr Breiðholtsskóla í Fellaskóla og skoða samgöngur barna úr Árbæ á æfingar í Breiðholti í því samhengi.	Fagskrifstofa SFS í samstarfi við stjórnendur skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts og stjórnendur Fellaskóla.	Haust 2022	Gæti þurft fjármagn í að aðlaga aðstöðu í Fellaskóla að starfsemi skólahljómsveitar	
IX	Endurskoða skráningarkerfi fyrir skólahljómsveitir til framtíðar þannig að það verði hluti af nýju rafrænu umhverfi Reykjavíkurborgar.	Stafrænn leiðtogi SFS í samstarfi við stjórnendur skólahljómsveita.	Fyrir skráningar skólaársins 2023-2024		Sótt um fjármagn til ÞON



Samstarf stofnana

Forgangsaðherslur stýrihóps: Starfshópur verði settur af stað til að rýna aukna möguleika á samnýtingu húsnæðis á vegum borgarinnar vegna tónlistarnámsins, einkum grunnskólahúsnæðis.

Áherslur:

- ❖ I. Hvatt er til aukins samstarfs á milli ólíkra stofnanagerða þ.e. tónlistarskóla og skólahljómsveita og leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, og annarra starfsstaða á skóla- og frístundasviði, auk menningarstofnana borgarinnar. (M4)
- ❖ II. Stutt verði við samstarf með skýrum skilaboðum inn á vettvang alls skólastarfs í borginni.(M4)
- ❖ III. Aðgengi að upplýsingum um möguleika og tækifæri á sviði tónlistarnáms sé gott.(M2)
- ❖ IV. Skoðaðir verði allir samningar borgarinnar við menningarstofnanir með tilliti til aðgengis tónlistarhópa barna og unglinga að rýmum þeirra vegna tónlistarflutnings.(M4)

Ábendingar stýrihóps vegna aðgerðaáætlunar – samstarf stofnana

Í aðgerðaáætlun stefnunnar þarf að setja fram þau skref sem stíga þarf til að allir tónlistarskólar, skólahljómsveitir og svo leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar undir yfirstjórn frístundamiðstöðva hafi fjölbreytt samstarf milli þessara aðila sem áhersluþátt í starfi sínu. Skoða þarf möguleika á að gefa tækifæri með sérstökum stuðningi til tilraunasamstarfs milli grunnskóla og leikskóla við tónlistarskóla með nýsköpun að leiðarljósi. Leita má tækifæra til samstarfs við kóra sem starfræktir eru í borginni. Hrinda þarf í framkvæmd nýtingu á Uppsprettuvef borgarinnar til að kynna tækifæri til samstarfs vegna tónlistarviðburða á vettvangi starfsins og skilgreina þarf viðmið um lágmarksfjölda tækifæra barna til að upplifa lifandi tónlistarflutning þar. Markviss samnýting á húsnæði borgarinnar vegna tónlistarnáms og viðburða er lykill að góðri nýtingu fjármagns og árangri þegar kemur að því að lækka kostnaðarþátttöku foreldra. Í aðgerðaáætlun þarf að setja fram hugmyndir um hvernig best er að nálgast þetta mikilvæga verkefni. Rýna þarf sérstaklega aukna möguleika á samnýtingu húsnæðis á vegum borgarinnar vegna tónlistarnáms, einkum grunnskólahúsnæðis. Auk þess þarf að rýna og setja í farveg með skýrum tillögum hvernig megi auka aðgang að menningarhúsnæði til tónlistarflutnings barnahópa á viðráðanlegu verði. Upplýsingar um slík tækifæri þurfa að liggja fyrir.



Áhersla nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan	Kostnaður í ramma	Kostnaður ekki í ramma
I	Boðið verði upp á hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla. Það verði gert í samstarfi við Tónlistarskóla Árbæjar með því að kosta eitt stöðugildi tónlistarkennara, sem tilraunaverkefni til tveggja ára. Kennt væri á píanó (allir aldurshópar), rafgítar (unglingastig) og samspil, trommur-gítar-hljómborð-bassi (unglingastig). Með því að hafa fjóra til fimm nemendur í hverjum hópi væri mögulegt að bjóða 90-110 áhugasömum nemendum í Árbæjarskóla og félagsmiðstöðinni Árseli upp á fría tónlistarkennslu í tvö ár.	Skrifstofustjóri grunnskólamála hjá SFS	Hefjist haustið 2022		12,5 milljónir (samþykkt í fjárhagsáætlun borgarinnar í borgarstjórn 7. desember 2021)
I og III	Leita leiða til að auka markvisst þátttöku barna og unglunga, sem hafa áhuga á tónlist, þurfa sérstaka hvatningu og stuðning og eru ekki eru að nýta frístundakortið, í fjölbreyttu tónlistarnámi. Horft verði til fyrirmyndar í Breiðholti.	Samstarf stjórnenda skólahljómssveita, fagstjóra grunnskóla, framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, stjórnenda tónlistarskóla í og fulltrúa VEL í hverjum borgarhluta	Frá vorönn 2022	Mögulega hægt að sækja um í hverfasjóði	
IV	Kanna möguleika á að gera þjónustusamning við Hörpu tónleikahús þar sem skólahljómssveitir fái fastar dagsetningar yfir skólaárið til tónleikahalds. Skólahljómssveitir eigi „heima“ í Hörpu, haldi sína tónleika þar og séu hluti af því að glæða lífi í húsið og stuðla að barnamenningu þar.	Listteymi SFS	Frá hausti 2022		



Tækni og tækifæri

Forgangsaðherslur stýrihóps: Skoðaðir verði möguleikar á því að tryggja börnum í borginni viðeigandi og vönduð forrit sem stutt geta þau í tónlist og tónmennt og jafnvel gefið tækifæri til skipulegs sjálfsnáms.

Áherslur:

- ❖ I. Tækni og nýting hennar í tónlistarstarfi með börnum felur í sér tækifæri sem byggð verði inn í starfið. Skoðað verði sérstaklega hvort tækninotkun skapar möguleika á því að fjölga nemendum sem fá aðgang að tónlistarnámi.(M1,M2,M3)
- ❖ II. Stutt verði við fagþekkingu tónlistarkennara. Allir sem sinni tónlistarnámi með börnum í borginni verði hvattir markvisst til að sækja símenntun á þessu sviði.(M3)
- ❖ III. Tæknistudd úrvinnsla verkefna á sviði tónlistar sé áberandi hluti af uppskeru námsins og fái veglegan sess á viðburðum tengdum starfinu.(M3)
- ❖ IV. Námsmatsferli vegna sjálfsnáms eða veflægs náms verði opið öllum aldurshópum gegn námsmatsgjaldi. Einnig geti nemendur sótt um stöðumat í öðrum greinum tónlistarnámsins.(M1,M4)

Ábendingar stýrihóps vegna aðgerðaáætlunar – tækni og tækifæri

Stýrihópurinn leggur áherslu á að efling símenntunar í starfinu verði ávörpuð í aðgerðaáætlun vegna stefnunnar. Setja þarf fram raunhæfa áætlun um kostnaðarþátttöku kennara og skóla í slíkum verkefnum. Áhersla verði m.a. á nýtingu tækni og skoðaðir möguleikar á samstarfi við aðila á vegum SFS. Hvatt verði til að nýta tækni við úrvinnslu verkefna nemenda og sýnileiki slíkrar vinnu sett sem sérstakt markmið. Vert væri að skoða möguleika á stórum opnum aðgangi að sjálfsnámsnetsvæðum (öppum) í tónlist fyrir reykvísk börn eða gera tilraunir á því sviði. Sett verði í gangi þróun á námsmatsferli í öllum greinum fyrir tónlistarnemendur utan tónlistarskóla. Einnig má skoða sérstaklega þá möguleika sem fjarkennsla býður upp á og þá ekki í síst í ljósi nýfenginnar reynslu.



Áhersla nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan	Kostnaður í ramma	Kostnaður ekki í ramma
I	Safna upplýsingum um hvað er til af búnaði og hvaða þekking er til staðar fyrir nýtingu á tækni í leikskólum og hvernig hún er nýtt í tónlistaruppeldi.	Leikskólahluti fagskrifstofu í samstarfi við Stafræna grósku.	Vorönn 2022	X	
I	Nýta tækniskurð í tengslum við tónlist í leikskólum og fjölga tónsköpunarverkfærum í töskunum.	Mixtúra	Vorönn 2022	X	
III	Efla búnaðarbanka Stafrænnar grósku (áhættugreina forritin) með það að markmiði að fjölga tækifærum fyrir börn og unglínga sem vilja búa til skapandi tónlist með aðstoð tölvuforrita, bæði á einstaklingsgrunni og í hópstarfi. Ath. fyrirmyndir í Víkurskóla, Borgarbókasafninu í Spönginni og í Tónhyl.	Samstarf félagsmiðstöðva, tónlistarskóla, grunnskóla, Borgarbókasafn, Stafrænnar grósku o.fl.	Haust 2022	Mögulega fjármagn hjá Stafrænni grósku	